



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 25. APRÍL 2007

HVER ÆTTU KOSNINGA- LOFORÐIN AÐ VERA?

Nú þegar líður að kosningum spretta loforð stjórnámálflokka landsins upp eins og krókusar að vori. Mörg af þeim eru góð, önnur verri og ýmis slæm. Aðstæður eru um margt óvenjulegar í hagkerfinu um þessar mundir og því eðlilegt að taka tillit til þeirra þegar loforðin eru lögð fram. Í því samhengi er vert að benda á skoðun Viðskiptaráðs frá því í haust þar sem bent var á mikilvægi þess að halda kosningaþenslu í lágmarki.

... Viðskiptaráð hefur ávallt leitast við að vera stefnumótandi afl...

Með loforðum sínum og orðræðu fyrir kosningar gefa stjórnámálflokkar til kynna áherslur sínar og stefnu. Viðskiptaráð hefur ávallt leitast við að vera stefnumótandi afl með það að markmiði að bæta samkeppnishæfni íslensks hagkerfis og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Það er því ekki úr vegi að benda á æskileg kosningaloforð, hafi stjórnámálflokkar landsins hug á að fylgja sömu markmiðum.

... ofangreindar tillögur geta gagnast öllum stjórnámálflokkum...

Einfaldara og skilvirkara skattkerfi og afnám allra tolla og viðskipta-hindrana myndi skipa íslensku viðskiptaumhverfi í fremstu röð í alþjóðlegu samhengi. Hægt er að lyfta grettistaki í hagvæmni og skilvirkni í ríkisrekstri með fækkun ráðuneyta og stofnanna, auk endurskilgreiningar á starfsmannastefnu ríkisins. Ríkið ætti enn fremur að draga sig út úr allri beinni atvinnustarfsemi, þar með töldum orkugeiranum. Viðskiptaráð telur mikla möguleika felast í aukinni einkaframkvæmd og bendir þar sérstaklega á nýjar leiðir í mennta- og samgöngumálum. Það er mat ráðsins að ofangreindar tillögur geti gagnast öllum stjórnámálflokkum, enda er tilgangur þeirra fyrst og fremst að bæta ríkisrekstur, rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni landsins.

... skattkerfið væri gert gagnsærra, einfaldara og skilvirkara...

... stjórnvöld þurfa að leita leiða til að ná samkeppnisforskoti á aðrar þjóðir...

... heillavænlegt að taka frumkvæði í tollamálum...

... mikill fjöldi ráðuneyta leiðir til fjárausturs, óskilvirkni og óskýrrar verkaskiptingar...

EINFALDARA OG SKILVIRKARA SKATTKERFI

Viðskiptaráð leggur til að settur verði flatur skattur með almennum 15% skatti. Þannig verði tekjuskattur einstaklinga, fyrirtækja og virðisaukaskattur samræmdur. Skynsamlegast væri að halda fjármagnstekjuskatti óbreyttum. Á sama tíma ætti að fella niður alla sértæka skatta, s.s. stimpilgjald. Með þessum breytingum væri skattkerfið gert gagnsærra, einfaldara og skilvirkara og væri þjóðfélaginu öllu hvatning til aukinnar framleiðni. Ennfremur myndu slíkar breytingar tvímælalaust styðja við hugmyndir sem fram hafa komið um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð. Skattalækkanir gagnast bæði innlendum og erlendum aðilum hérlandis og brjóta engan veginn í bága við hagsmuni Íslendinga á alþjóðavettvangi.

Reynsla síðustu ára hefur sýnt að skattalækkanir hafa ekki dregið úr skatttekjum, heldur hafa tekjur ríkissjóðs þvert á móti aukist jöfnum höndum. Íslensk stjórnvöld þurfa að leita leiða til að ná samkeppnisforskoti á aðrar þjóðir og einfalt, skilvirkt skattkerfi er stórt skref í þá átt.

AFNEMUM TOLLA OG VIÐSKIPTAHINDRANIR

Afnám allra tolla, vörugjalda og viðskiptahindrana myndi styðja vel við nýtt og einfaldara skattkerfi og setja íslenskt viðskipta-umhverfi í fremstu röð hvað varðar gagnsæi og skilvirkni. Í stað þess að bíða seinvirkra alþjóðlegra samningaviðræðna er heillavænlegra að taka frumkvæði í tollamálum og fjarlægja þær hindranir sem hér eru. Engin ástæða er til að verja einstakar atvinnugreinar í gegnum tollakerfið enda ættu Íslendingar að einbeita sér að atvinnugreinum sem þeir geta skapað sér alþjóðlegt samkeppnisforskot í.

Að sama skapi ættu stjórnvöld að afnema hindranir í erlendum fjárfestingum hérlandis. Núverandi hindranir eru aðallega bundnar við sjávarútveg og orkuframleiðslu. Helstu rökin fyrir þeim eru að mikilvægar auðlindir verði ávallt að vera í höndum íslenkra aðila, til að tryggja hagsmuni Íslendinga. Þetta mál er einfalt að leysa með vel skilgreindum lagaramma, sem fyrirtækin sem eiga eða nýta auðlindirnar ber að fara eftir.

FÆKKUM RÁÐUNEYTUM OG STOFNUNUM

Aðhald í ríkisrekstri og einfaldleiki og skilvirkni stjórnsýslunnar eru mikilvæg markmið. Mikilvæg leið til úrbóta á því sviði er fækkun ráðuneyta og stofnana. Mikill fjöldi ráðuneyta leiðir ekki eingöngu til fjárausturs sökum of mikillar yfirbyggingar, heldur óskilvirkni og óskýrrar verkaskiptingar.

Viðskiptaráð telur vel framkvæmanlegt að fækka ráðuneytum um helming, eða niður í sjö. Sameina mætti heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti í eitt velferðarráðuneyti. Einnig mætti

... skynsamleg úrlausn að fækka stofnunum og skera niður fjárlög þeirra...

... starfsmönnum hins opinbera ætti að vera gert kleyft að semja um sín kaup og kjör...

... fjárhagslegt bolmagn ríkisins er slíkt að einkaaðilar mega sín lítils í samanburði...

sameina Hagstofu Íslands, viðskiptaráðuneyti og fjármála-ráðuneyti undir merki þess síðastnefnda. Að lokum mætti sameina iðnaðar-, landbúnaðar-, samgöngu-, sjávarútvegs- og umhverfis-ráðuneyti í eitt innanríkisráðuneyti.

Í ritinu Ísland 2015, sem gefið var út fyrir Viðskiptaþing 2006, er farið yfir fjölmargar sameiningar og nafnabreytingar stofnana. Þar kemur fram að slíkar aðgerðir eru síst til þess fallnar að auka hagræðingu þótt lagafrumvörp þeim tengd hafi gert ráð fyrir því. Það er því skynsamlegri úrlausn að reyna að fækka stofnunum og skera niður fjárlög til þeirra ef ætlunin er að ráða bug á viðvarandi útþensluhneigð ríkisstofnana.

STARFSMANNASTEFNA RÍKISINS ENDURSKOÐUÐ

Til að ná sem mestum árangri í ríkisrekstri er mikilvægt að færa stöðu starfsmanna hins opinbera sem næst því sem gerist á almennum markaði. Undir þetta falla réttindi sem og skyldur. Starfsmönnum hins opinbera ætti að vera gert kleyft að semja um sín kaup og kjör, rétt eins og um einkafyrirtæki væri að ræða, en að sama skapi ættu þeir ekki að hafa nein umfram réttindi gagnvart sínum atvinnurekanda. Undir þetta falla svokallaðar æviráðningar sem eru afar óheppilegt fyrirkomulag, sé ætlunin að reka skilvirka og hvetjandi starfsmannastefnu.

Undanfarin ár hefur fjöldi starfsmanna hins opinbera vaxið hraðar en í nokkurri atvinnugrein á almennum markaði. Sú þróun er afar óæskileg af mörgum ástæðum. Viðskiptaráð hvetur því til að leiðir einkareksturs og úthýsingar verði nýttar sem mest til að sporna við þessari þenslu.

RÍKIÐ HÆTTI BEINNI ATVINNUSTARFSEMI

Samkeppni getur aldrei talist heilbrigð á meðan opinberir aðilar eða fyrirtæki í þeirra eigu taka þátt í henni á öðrum forsendum en aðilar á samkeppnismarkaði. Fjárhagslegt bolmagn ríkisins er slíkt að einkaaðilar mega sín lítils í samanburði. Í þessu samhengi er vert að minnast á fjölmiðlamarkað þar sem Ríkisútvarpið keppir við einkafyrirtæki um auglýsingatekjur, þrátt fyrir lögbundinn tekjustofn í formi afnotagjalda.

Ennfremur er tímabært að næstu skref verði tekin í einkavæðingu orkumarkaðar. Reynsla síðustu ára sýnir að sú starfsemi væri mun betur komin í höndum einkaaðila en hins opinbera. Ruðningsáhrif virkjanaframkvæmda undanfarin ár eru ótvíræð. Viðskiptaráð telur afar óæskilegt að starfsemi ríkisfyrirtækis verði þess valdandi að hindra uppgang og vöxt einkafyrirtækja vegna framleiðsluspennu, hás vaxtastigs og sveiflna í gjaldmiðli. Það hefur ávallt verið stefna ráðsins að starfsemi sem einkaaðilar geta sinnt jafn vel eða betur en ríkið, eigi heima í þeirra höndum. Árangur einkavæðingar

... eðlilegt næsta skref væri einkavæðing á orkumarkaði...

bankanna hefur sýnt fram á kraft einkaframtaksins og eðlilegt næsta skref væri orkumarkaðurinn, enda gríðarlegir framtíðarvaxtarmöguleikar á því sviði.

AUKUM VALFRELSI OG EINKAREKSTUR Í MENNTAKERFI

Öflugt og skapandi menntakerfi er grundvöllur frekari framfara og aukinnar samkeppnishæfni landsins. Það er því afar mikilvægt að leita allra leiða til að bæta og þróa menntakerfið áfram, ætlum við okkur að standa í fremstu röð.

... aukin breidd hefur skapað vaxandi menntunarsókn og veitt ríkisháskólum mikilvægt aðhald...

Einkaframtak hefur þegar sannað gildi sitt hvað viðkemur menntamálum. Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst hafa nú lokið sínu fæðingarskeiði og mynda í dag mikilvægan hluta í menntunarflóru landsins. Aukin breidd og valmöguleikar í framhaldsmenntun hafa ekki eingöngu skapað sívaxandi menntunarsókn heldur veitt ríkisháskólum mikilvægt aðhald og samkeppni. Einkarekstur á leik- og grunnskólastigi hefur ekki síður verið árangursrikur og stuðlað að samkeppni, nýbreytni og auknu valfrelsi. Það ætti því að vera markviss stefna stjórnvalda að rækta og ýta undir nýsköpun og einkaframtak í menntamálum.

Skoðanaágreiningur um hlutverk hins opinbera í þjónustuframboði ætti ekki að koma í veg fyrir almenna sátt um kosti einkareksturs. Einkarekstur felur einingis í sér að verkefnunum sjálfum sé komið úr höndum hins opinbera til einkaaðila. Hvort þjónustan verði fjármögnuð með skattfé eða einkavædd að fullu er val, en hvort tveggja gengur upp með einkarekstri.

MEIRI EINKAREKSTUR Í SAMGÖNGUMÁLUM

Annar þáttur sem býður upp á aukna aðkomu einkaaðila er rekstur samgöngumannvirkja. Þegar hefur stór hluti framkvæmdaþáttarins verið færður til einkaaðila, en aftur á móti er fjármögnun og rekstur þeirra undantekningarlítið í höndum opinberra aðila.

... skynsamlegra er að setja fjármögnun, hönnun, framkvæmd, rekstur og viðhald í hendur eins aðila...

Kostir einkarekstrar í vegamálum eru ýmsir. Það verður að teljast heppilegt fyrirkomulag að menn greiði fyrir kostnað sem hlýst af eigin akstri um samgöngumannvirki, í stað þess að aðrir greiði fyrir það í gegnum skattkerfið. Vilji menn síður nýta það fyrirkomulag er einfalt að innheimta skuggagjald frá ríkinu fyrir notkun vegarins. Mun skynsamlegra er að setja fjármögnun, hönnun, framkvæmd, rekstur og viðhald í hendur eins aðila, í stað þess að halda þessum þáttum aðskildum. Þannig er heildarkostnaður hafður að leiðarljósi í stað þess að hönnunar- og framkvæmdakostnaður sé lágmarkaður, sem getur leitt til mun hærri viðhalds- og rekstrarkostnaðar. Að lokum er líklegt að arðbær verkefni verði valin framyfir þau sem minnu skila.

Árið 1998 voru Hvalfjarðargöng opnuð fyrir umferð en kostnaður við gerð þeirra nam 4,6 milljörðum króna sem var fjármagnaður af einkaaðilum með láni án ríkisábyrgðar. Í upphafi var gert ráð fyrir því að það tæki um 20 ár fyrir göngin að borga sig upp en ljóst er að það mun taka skemmri tíma. Mikil ánægja hefur verið með göngin og er fyllsta öryggis vegfarenda gætt í þeim. Reynsla af þessu einkarekna samgöngumannvirki gefur tilefni til að setja fleiri verkefni að fullu í hendur einkaaðila.

EINKAVÆÐING FASTEIGNA RÍKISINS

Viðskiptaráð telur mikla möguleika felast í sölu fasteigna ríkisins. Í dag er meirihluti þess húsnæðis sem ríkið notar, eða um 85%, í opinberri eigu. Stór hluti er almennt skrifstofuhúsnæði sem væri mun betur komið í höndum einkaaðila.

Kostirnir eru fjölmargir. Sérhæfð fasteignafélög eru betur til þess fallin að sjá um rekstur fasteigna en hið opinbera. Stærðarhagkvæmni skilar sér í lægri kostnaði auk þess sem reynsla og sérfræðiþekking ýtir undir enn skilvirkari rekstur. Þessu til viðbótar eru fyrirtæki með sérhæfðum starfsmönnum mun betur í stakk búin til að sinna daglegum og óvæntum verkefnum en fámennar stofnanir.

Ávinningur af sölu fasteignanna væri einnig mikill. Gera má ráð fyrir að að ríkið gæti losað um 80 milljarða króna með þessum hætti sem mætti nota til að greiða niður skuldir. Auk áðurnefnds hagræðis af lægri rekstrarkostnaði fasteignanna gæti ríkið þannig sparað sér umtalsverðan fjármagnskostnað vegna niðurgreiðsla skuldanna.

FÆRRI EN BETRI LOFORÐ

Eins og gefur að skilja gæti listinn verið mun lengri. Viðskiptaráð telur þó skynsamlegt að ganga hægt um gleðinnar dyr og setja færri en betri loforð. Á endanum er þetta spurning um efndir en ekki loforð og séu fyrirheitin fá og vel skilgreind, ætti að reynast auðveldara að standa við þau. Ofangreindar tillögur geta gagnast öllum stjórnmalaflokkum, enda er tilgangur þeirra fyrst og fremst að bæta ríkisrekstur, rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni landsins. Það er markmið sem allir geta sammælt um.

Nánari upplýsingar veita Frosti Ólafsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, og Haraldur I. Birgisson, lögfræðiráðgjafi Viðskiptaráðs Íslands, í síma 510 7100.

... Stærðarhagkvæmni skilar sér í lægri kostnaði auk þess sem reynsla og sérþekking ýta undir enn skilvirkari rekstur...

... á endanum er þetta spurning um efndir en ekki loforð...